

RE: Áframhaldandi uppbygging Saltverks ehf í Reykjanesi

Til : Jón Pálsson <jon@saltverk.is>
Frá : Axel Rodriguez Överby
CC : Helga Þuríður Magnúsdóttir
Heiti : RE: Áframhaldandi uppbygging Saltverks ehf í Reykjanesi
Málsnúmer : 2022030094
Málsaðili : Saltverk ehf.
Skráð dags : 17.03.2022 15:11:53
Höfundur : Axel Rodriguez Överby
Viðhengi image001.jpgimage001.jpg

Sæll Jón

Þetta er móttekið, ég stofna mál um þetta og legg fram fyrir skipulags- og mannvirkjanefnd

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umverfis- og eignasviðs

450 8000 - axelov@isafjordur.is

From: Jón Pálsson
Sent: mánudagur, 14. mars 2022 11:22
To: Axel Rodriguez Överby ; Birgir Gunnarsson
Cc: bragi@sudavik.is; Björn Steinar Jónsson ; jbh@verkis.is
Subject: Re: Áframhaldandi uppbygging Saltverks ehf í Reykjanesi

You don't often get email from jon@saltverk.is. [Learn why this is important](#)

Ágætu bæjarstjóri Ísafjarðar, Birgir Gunnarsson og sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs, Axel Rodriguez Överby.

Með erindi þessu óskar Saltverk eftir heimild Ísafjarðarbæjar til þess að fá að deiliskipuleggja suðausturhluta merkts athafnasvæðis fyrir austan tjaldsvæði í Reykjanesi sem vaxtarsvæði fyrir stækkun Saltverks og tengda starfsemi smá iðnaðar á matvælasviði. Saltverk hefur haft samband við skipulagsyfirvöld í Súðavík og Erlu, höfund deiliskipulagstillagna, sem gerðar voru fyrir nokkrum árum um að vinna deiliskipulagsvinnuna og liggur fyrir vilji til þess að vinna hana og drög að samkomulagi við Saltverk um þá vinnu.

Ferlið yrði þá í samræmi við tillögur þær, sem Axel gerði í hjálögðum tölvupósti.

Virðingarfyllst,

Jón Pálsson
Saltari / Salt maker, co-founder

SALTVERK

T +354 5196510 M [+354 6642802](tel:+3546642802)

mail jon@saltverk.is

Skrifstofa / office:

Nýbýlavegi 4, Dalbrekkumegin

IS 200 Kópavogi

Iceland

pri., 8. feb. 2022 kl. 09:48 skrifaði Axel Rodriguez Överby <axelov@isafjordur.is>:

Sæll Jón

Eins og málum er háttað þá er skipulagsvaldið hjá Súðarvíkurhreppi, en Ísafjarðarbær er landeigandi. Í aðalskipulagi Súðarvíkurhrepps 2018-2030 er gert ráð fyrir athafnasvæði AT3 á Reykjanesi

Það er ekkert deiliskipulag í gildi fyrir Reykjanesið, í skilmálum ASK Súðavíkur segir eftirfarandi að „Í Reykjanesi er gert ráð fyrir athafnastarfsemi. Þar er einkum horft til vistvænnar starfsemi sem notar jarðhita svo sem saltframleiðslu, gróðurhúsaræktun eða annan léttan iðnað. Sérstaklega skal huga að náttúruverndargildi og menningarminjum við nánari útfærslu í deiliskipulagi. Á Reykjanesi gilda hverfisverndarákvæði sem tilgreind eru í kafla 9.2.“

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir því að það verði unnið deiliskipulag m.t.t.þ að svæðið sé friðað. Eins og ég benti á hér að ofan þá fer Súðavíkurhreppur með skipulagsvald og þá þyrfti Ísafjarðarbær sem landeigandi óska eftir því við skipulagsyfirvöld í Súðavík að fá að hefja formlegt deiliskipulagsferli fyrir athafnasvæði AT3, og Saltverk greiða fyrir málsmeðferð og uppdrátt.

Ég sé fyrstu skrefin á þessa leið.

- Saltverk óskar eftir heimild Ísafjarðarbæjar sem landeiganda að fá að deiliskipuleggja reitinn sem er ætlaður undir starfseminu, jafnhliða óskar Ísafjarðarbær eftir því við Súðarvíkurhrepp að hreppurinn heimili að málsmeðferð sem landeigandi vegna deiliskipulags.
- Þegar deiliskipulag hefur öðlast formlegt gildi skipulagsstofnunar, þá sækir Saltverk um byggingarleyfi til Súðarvíkurhrepps.
- Við byggingarstig 4 eru gefnir út lóðaleigusamningar við Ísafjarðarbæ.

Ég setti Braga sveitarsjóra Súðarvíkurhrepps í cc. það væri gott ef hann gæti setið með og þannig að hann sé upplýstur um ykkar áform. Síðan í framhaldi máls ætti ég að geta tekið þetta inn á fund skipulags- og mannvirkjanefndar. Ég set þó fyrirvara um að samþykktir, skipulagsmál og úthlutanir eru alltaf bundið við hefðbundið stjórnsýsluferli. Ákvarðanatökan er í höndum nefndar og bæjarstjórnar.,
Mbk.

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umverfis- og eignasviðs

450 8000 - axelov@isafjordur.is

From: Jón Pálsson [mailto:jon@saltverk.is]

Sent: föstudagur, 4. febrúar 2022 09:51

To: Axel Rodriguez Överby <axelov@isafjordur.is>

Cc: Björn Steinar Jónsson <bjorn@saltverk.is>; Birgir Gunnarsson <birgir@isafjordur.is>

Subject: Áframhaldandi uppbygging Saltverks ehf í Reykjanesi

You don't often get email from jon@saltverk.is. [Learn why this is important](#)

Sæll Axel.

Í framhaldi af fyrri tölvupóstsamskiptum og símtali mínu við Birgi í gær óska ég hérmeð eftir fundi með þér til að ræða framtíðaráform Saltverks og lóðarmál þeim tengt. Ef ég skil rétt þá er skv. aðalskipulagi gert ráð fyrir athafnasvæði fyrir Saltverk og annan léttan iðnað á þessu svæði, en líkast er ekki gildandi deiliskipulag. Allt eftir því hvernig regluverkið er getum við unnið okkur inn í það og ef þess er óskað getum við séð um að vinna deiliskipulag fyrir umrædda lóð / svæði, eða framkvæma grenndarkynningu ef það myndi duga. Við erum að sækjast eftir lóð, sem skapar okkur möguleika til að hanna og byggja framtíðaraðstöðu fyrir starfsemi Saltverks með tilheyrandi fjármögnun og veðsetningu mannvirkja. Hvort um væri að ræða eignarlóð eða leigulóð ætti ekki endilega að vera aðalatriði fyrir okkur.

Við erum tilbúnir að koma vestur með tiltölulega litlum fyrirvara í næstu eða þarnaestu viku eftir því sem veður, færð og aðstæður leyfa ;-). Sveitarstjóri Súðavíkurkaupstaðar býðst til að taka þátt í fundinum sé þess óskað og fara þá yfir það hvernig þetta horfir við sveitarfélaginu og skipulagsmálum á Reykjanesi.

Kær kveðja,

Jón Pálsson

Saltari / Salt maker, co-founder

SALTVERK

T +354 5196510 M [+354 6642802](tel:+3546642802)

mail jon@saltverk.is

Skrifstofa / office:

Nýbýlavegi 4, Dalbrekkumegin

IS 200 Kópavogi

Iceland

Framleiðsla / production plant:

Reykjanesi v/ Ísfjarðardjúp

IS 401 Ísafjörður

Iceland

fim., 27. jan. 2022 kl. 08:37 skrifaði Birgir Gunnarsson <birgir@isafjordur.is>:

Sæll Jón

Takk fyrir erindið og áhugavert að heyra af góðu gengi og metnaðarfullum áformum Saltverks um þróun fyrirtækisins inn í framtíðina. Ég set Axel sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs í cc en hann getur sagt til um hvernig best er að taka málið áfram varðandi umsóknir um lóðir. Í framhaldinu er sjálfsagt að funda með ykkur og fara yfir áformin og þann farveg sem þetta þarf að fara í.

Heyrumst þegar Axel er búinn að kíkja á erindið.

Kær kveðja,

Birgir Gunnarsson bæjarstjóri

450 8024 - 897 3464 - birgir@isafjordur.is

From: Jón Pálsson [mailto:jon@saltverk.is]
Sent: miðvikudagur, 26. janúar 2022 11:38
To: Birgir Gunnarsson <birgir@isafjordur.is>
Cc: Björn Steinar Jónsson <bjorn@saltverk.is>
Subject: Áframhaldandi uppbygging Saltverks ehf í Reykjanesi

Ágæti bæjarstjóri, Birgir Gunnarsson

Með bréfi þessu óska forsvarsmenn Saltverks eftir fundi með þér til þess að kanna möguleika á úthlutun byggingarlóða vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar Saltverks og skyldrar starfsemi á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

Saltverk ehf hefur starfrækt sjávarsaltframleiðslu sína sl. 10 ár í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Á þessum tíma hefur verið tekist á við margar áskoranir við að þróa framleiðsluferla og byggja upp markað fyrir afurðir félagsins. Síðasta stóra áskorunin tengdist Covid heimsfaraldrinum, þar sem nokkuð stór hluti af framleiðslu og sölu fyrirtækisins fyrir heimsfaraldurinn var tengd túristamarkaði á Íslandi og hér á Vestfjörðum. Áherslan í gegnum heimsfaraldurinn hefur því verið að byggja upp nýja útflutningsmarkaði og styrkja innviði framleiðslunnar í Reykjanesi.

Þrátt fyrir ýmsar áskoranir á þessum uppvaxtarárum Saltverks hefur okkur tekist að skapa afurðum okkar sess sem hágæða flögusalti sem notað er af mörgum helstu matgæðingum og matreiðslumönnum heims og hafa vinsældir vörunnar aukist jafnt og þétt síðastliðin ár.

Í dag eru starfsmenn Saltverks í Reykjanesi sex, auk þess sem afleidd starfsemi er vegna sölu- og markaðsmála, flutninga, framkvæmda og annarra umsvifa, svo reikna má með að starfsemi Saltverks skapi í dag amk. 15 heilsárs störf. Framleiðslugeta félagsins í núverandi aðstöðu er að hámarki um 10-12 tonn á mánuði. Mannvirkin, sem upphaflega tilheyrðu fiskeldi er Saltverk með á leigu hjá ferðaþjónustunni í Reykjanesi og hefur stækkað og tæknivætt í nokkrum áföngum.

Nú horfum við til næsta áratugs í starfsemi Saltverks. Áform eru uppi um að fjórfalda framleiðslugetu félagsins að minnsta kosti með því að byggja nýja verksmiðju, sem byggi á þeim lærdómi sem Saltverk hefur aflað sér á sl. 10 árum. Verksmiðjuhúsnæði er áformað að verði um 1.000 m² ásamt tönkum og tæknibúnaði til þess að ná fram sem hagkvæmastri vinnslu. Jafnframt hyggst Saltverk efla afleidda starfsemi sem nýtir afgangsefni úr vinnslunni enn frekar, en nú þegar hefur félagið tekið þátt í uppbyggingu á fyrirtækinu Angan Skincare, sem nýtir afgangssalt úr framleiðslu Saltverks til framleiðslu á húðvörum. Möguleikar á að vinna fleiri aukaafurðir eru til skoðunar og er þá m.a. horft til afgangssorku frá uppgufunarferlinu.

Með fjórföldun á framleiðslu Saltverks auk annarrar afleiddrar uppbyggingar má gera ráð fyrir því að Saltverk og skyld starfsemi muni skapa um 20-40 störf á Reykjanesi.

Saltverk hefur augastað á lóðum, sem á hjálögðum skipulagsdrögum eru merktar A3, A5, A6 og A7, sem samtals er gert ráð fyrir að rými um 2.000 m² af byggingum, en til að byrja með er óskað eftir lóð A3 undir fyrsta áfanga stækkunarinnar með forgangi að fleiri lóðum þannig að unnt verði að skipuleggja og fjármagna uppbygginguna til fulls.

Okkur þætti vænt um að heyra frá þér fljótlega með fund í huga þar sem við getum kynnt frekar okkar hugmyndir og áform.

Sambærilegt bréf með áherslu á skipulags- og byggingahlutann er sent á Braga Þór Thoroddsen, sveitarstjóra Súðavíkur.

Virðingarfyllst,

Jón Pálsson

Saltari / Salt maker, co-founder

T +354 5196510 M [+354 6642802](tel:+3546642802)

mail jon@saltverk.is

Skrifstofa / office:

Nýbýlavegi 4, Dalbrekkumegin

IS 200 Kópavogi

Iceland

Framleiðsla / production plant:

Reykjanesi v/ Ísfjarðardjúp

IS 401 Ísafjörður

Iceland